

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag þriggja frístundahúsalóða úr landi Grafar.

Skipulagssvæðið er um 1,8 ha að stærð og liggur upp að aðkomuvegi að bænum Lækjarhvammi. Hluti svæðisins var áður nýtt sem efnistökusvæði en er nú gert ráð fyrir þremur frístundahúsalóðum þar sem heimilt verður að reisa eitt frístundahús og eitt aukahús. Hámarksbyggingarmagn miðast við nýtingarhlutfallið 0,03. Hámarksstærð aukahúss er 30 m². Samþykkt í sveitarstjórn 11. apríl 2013.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. janúar 2014.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2014